

# „FLÝTUM OKKUR HÆGT“

— segir Sveinn Kjartansson, bassaleikari í Kikk en hljómplatan með þeim kemur ekki út fyrr en eftir áramót

■ „Platan okkar kemur ekki út fyrr en eftir áramót“, sagði Sveinn Kjartansson, bassaleikari hljómsveitarinnar Kikk í spjalli við Nútímann í vikunni en sem kunnugt er munu Steinar gefa út breiðskífu með frumsömdum lögum hljómsveitarinnar efnilegu.

„Upphaflega var stefnan sett á jólin það verður víst ekki af því í þetta sinn. Við ætlum að fá erlenda pródúser á plötuna og flýta okkur bara hægt, frekar að vanda eins til plötunnar og kostur er“, sagði Sveinn. „Við erum búin að taka upp demo-upptökur sem pródúserinn er að þæla í erlendis þessa dagana. Síðan kemur hann væntanlega til landsins og fer að vinna með okkur“, sagði Sveinn.

Hvaða pródúser er þetta sem þið eruð að spá í?

„Sá sem sennilegast mun pródúsera stykkið heitir Geoff Calver og er góðkunningi Íslendinga held ég að ég megi fullyrða“, svaraði Sveinn án þess að hika nokkuð né stama.

Sem fyrr segir er það hljómplötuútgáfan Steinar sem mun gefa út hljómplötu



■ Kikk

hljómsveitarinnar sem verður með 8–10 lögum á. Verður hún tekin upp í Hljóðrita.

Að sögn Sveins hefur verið nokkuð mikið að gera hjá hljómsveitinni undanfarið bæði við dansleikja- og tónleika-

hald. „Eitthvað af þeim lögum sem munu verða á plötunni höfum við leikið undanfarið við hvurn okkar fingur“.

„Aðsókn að tónleikum nefur samt

verið frekar dræm ef satt skal segja. Ég veit hreinlega ekki hver ástæðan er. Það er alltaf röflað þegar skorti tónleika en þegar þeir eru haldnir þá mætir enginn. Ekki treysti ég mér til að segja hvað sé að“, sagði Sveinn.

Nú hafið þið leikið mikið á dansleikjum. Er stefnan sú að Kikk verði áfram bæði dans- og tónleikasveit í framtíðinni?

„Ætli við þraukum ekki böllin út þar til hljómplatan kemur út en þá förum við sennilegast að hætta þessu dansleikjastússi“, svaraði piltur.

„Okkur finnst allt í lagi að spila á dansleikjum þar sem við spilum okkar músík og tónlist sem er innan okkar ramma, þ.e. gott rokk. Við eltumst ekki við vinsældalistana. Setjum bara hit-lög-in á tape og spilum í pásunum. Þannig er nú það“.

Aðspurður sagði Sveinn loks að það væri líklegast bara betra að platan kæmi ekki samhliða öllum hinum plötunum sem út koma um jólin. „Það er eins og ég hef áður sagt ekkert sniðugt að vera að kasta til hendinni með hljómplötu-gerðina. Frekar að fara sér hægt og gera enn betur“.